

Örnefni í Svartagilslandi.

Í austur frá túninu í Svartagili (1) er frekar mjór og langur dalur birki klæddur, Botnsdalur (2). Í suður frá honum er all hár háls, sem gengur úr Ármannsfelli (3) og breikkar þegar vestar dregur. Í honum miðjum er dalur, Leirdalur (4), vel gróinn og oft sleginn. Sunnan við hálsinn er nokkuð breitt gil, Ármannsgil. Framan við það eru birki klæddir hólar Skógarhólar (5). Austan við þá er háls úr fjallinu, Fjárhúsmúli (6), og neðst við múlann eru tættur frá fjárhúsum og einhverri mannabyggð, Múlakot (7).

Biskupsbrekkur (8) er vestur endi af hálsinum sem Leirdalur er í. Fram af Biskupsbrekkum er hraun all gróið, Biskupsbrekknahraun (9), sem nær niður að Almannagjá (10) og vestur að læk sem rennur niður á Leira.

Landið upp frá Tæpastíg (11), þar sem þjóðvegurinn liggur er kallað Bakkar (12). Á þeim ofarlega eru gamlar rústir frá býli, Bárukot (13), og nokkru ofar nær brekkum, sem kallast Brúsastaðabrekkur (14), eru grónar flatir og þar tættur, Grímastaðir (15). Þar fyrir austan er all stórt gil, Grímagil (16). Þar fyrir austan er vatnsmikið gil Hrútagil (17), en lækurinn flæmist oft um alla bakka en endar svo niður á Leirum. Þar austar eru Sláttubrekkur (18) og Sláttugil (19) og erum við komin aftur að túninu við Svartagil. Það er all djúpt og kemur úr slökkum norðan við Ármannsfell og sunnan við Gagnheiði (20).

Ofan við túnið er breið og grösug brekka, Kúatorfa (21). Þar fyrir vestan eru melar og nær Öxará, dálítill höfði Orustuhóll (22) og eru þá upptalin þau örnefni sem kunn eru.

Skráð hefur,

Kristján Jóhannsson frá Skógarkoti.

Stafrófsröð örnefna

Almannagjá	10	Hrútagil	17
Ármannsfell	3	Kúatorfa	21
Ármanngil	ónúmerað	Leirar	ónúmerað
Bakkar	12	Leirdalur	4
Bárukot	13	Múlakot	7
Biskupsbrekknahraun	9	Orustuhóll	22
Biskupsbrekkur	8	Skógarhólar	5
Botnsdalur	2	Sláttubrekkur	18
Brúsastaðabrekkur	14	Sláttugil	19
Fjárhúsmúli	6	Svartagil	1
Gagnheiði	20	Tæpistígur	11
Grímagil	16	Öxará	ónúmerað
Grímastaðir	15		

Jóna Kristjánsdóttir veitti góðfúslega ljósrit af þessari skrá, ásamt öðrum örnefnaskrár sem Kristján Jóhannsson ritaði milli 1982-1984. Halldór Pétur Þrastarson hafði þar milligöngu. Gunnar Grímsson, landvörður í Þjóðgarðinum á Þingvöllum, færði í tölvutækt form í nóvember 2024 og útbjó stafrófsröð örnefna. Uppsetning er höfð nákvæmlega eins og frumritið sem og stafsetning örnefna. Einstaka innsláttarvillur eru leiðréttar.